

FÍM:

Vorsýning í stað haust- sýningarinnar

■ Félag íslenskra myndlistarmanna heldur vorsýningu í ár í stað hinnar árlegru haustsýningar. Sýningin verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag kl. 14.00 og verður opin daglega kl. 14.00-22.00. Á sýningunni sýna 30 félagar FÍM 111 verk, þar af sýna 5 félagar sem mynda kjarna sýningarinnar að þessu sinni 39 verk. Að þessu sinni á enginn utanfélagsmaður verk á sýningunni svo sem oft hefur verið áður.

Þeir 5 myndlistarmenn sem valdir hafa verið út sem með verk sem mynda sérstakan kjarna eru Jóhann Briem, Magnús Kjartansson, Valgerður Bergsdóttir, Ragnheiður Jónsdóttir og Sigurður Sigurðsson. Vönduð sýningarskrá hefur verið gefin út og hefur Hrafnhildur Schram listfræðingur skrifað texta hennar, en umsjónarmaður er Jóhanna Þórðardóttir formaður sýningarnefndar.



■ Eitt verkanna á sýningu Myndhöggvarafélags Íslands, sem haldin er á Kjarvalsstöðum. NT-mynd: Ari.

„Það er blómaskeið í höggmyndalistinni“

■ „Við viljum koma fram og sýna hvar við stöndum,“ sagði Ragnar Kjartansson myndhöggvari er NT ræddi við hann á Kjarvalsstöðum þar sem verið er að setja upp sýningu Myndhöggvarafélags Íslands. Sýningin verður opnuð í dag.

Sýningin nú er ein sú stærsta og fjölbreyttasta sinnar tegundar, sem haldin hefur verið. „Við byrjuðum með útsýningar á Skólavörðuholti fyrir mörgum árum og þær sýningar vöktu mikla athygli. Hins vegar fengum við aldrei frið fyrir skemmdarvörðum og fluttum okkur þá niður á Lækjartorg og héldum okkur óhultari þar, en þá versnaði ástandið um allan helming. Þá fluttum við okkur í Ásmundarsal á Freyjugötu og sýndum þar og á suðursvölum á húsinu. En þegar við fengum aðstöðuna á Korpúlfsstöðum, þá byrjaði að birta til hjá okkur,“ sagði Ragnar. „Að mínu viti er nú runnið upp blómaskeið í íslenski höggmyndalist.“

20 félagar af 31 í Myndhöggvarafélaginu eiga verk á sýningunni, sem er í vestursal Kjarvalsstaða og úti á flötinni. Þar kennir marga grasa, verk unnin úr ýmsum efnum og undir ýmsum merkjum, klassískur, popplistar, naívisma o.s.frv. Sýningarskráin er myndarleg bók, yfirlitsrit yfir íslenska höggmyndalist dagsins í dag, sem Niels Hafstein hefur haft umsjón með.

Menningarsjóður Listamiðstöðvarinnar:

Umsóknarfrestur til tíunda maí

■ Menningarsjóður Listamiðstöðvarinnar, sem greint var frá í fréttum fyrir skömmu að væri í burðarliðnum, er nú orðinn að veruleika. „Sjóðurinn hefur fengið mjög góðar viðtökur og umsóknarfrestur um fyrstu starfslaunin úr honum hefur verið auglýstur til 10. maí,“ sagði Jóhann G. Jóhannsson framkvæmdastjóri Listamiðstöðvarinnar í samtali við NT í gær.

Menningarsjóðurinn er fjármagnaður á þann hátt að fyrirtæki og einstaklingar sem gerast aðilar að honum leggja fram ákveðna upphæð, 10 þúsund krónur hið minnsta. Listamönnum eru síðan veitt starfslaun í 3-6 mánuði og þegar þeir opna sýningar eiga aðilar að sjóðnum forkaupsrétt að verkunum. „Þetta eru því ekki beinir styrkir eða gjafir, heldur viðskipti,“ sagði Jóhann G. Jóhannsson.

Þegar hafa 30 fyrirtæki og einstaklingar gerst aðilar að sjóðnum, og búið er við að allmargir bættist við í viðbót. Sjóðurinn er opinur öllum sem vilja gerast meðlimir.



■ Félagar í FÍM við eitt verkanna á sýningunni.

NT-mynd: Ari.

Byrjaðu strax í nýju SL-ferðaveltunni og tryggðu þér:

Utanlandsferð á ótrúlegum kjörum!

Nýja SL-ferðaveltan er einlæg áskorun Samvinnuferða-Landsýnar til allra ferðalanga um að sýna fyrirhyggju í ferðamálum og auðvelda sér til muna sumarferðina.

Þú leggur ákveðna upphæð mánaðarlega inn á ferðaveltureikning og þegar sparnaðartímabilinu lýkur hefurðu fé þitt til ráðstöfunar og auk þess lán sem er 150% – 170% hærra en sparnaðarupphæðin.

Greiðslutíminn er tveimur mánuðum lengri en sparnaðartímabilið og hver mánaðargreiðsla því léttari en þú átt að venjast í hefðbundinni spariveltu.

DÆMI:

Þú leggur 5 þúsund kr. inn á reikninginn í 4 mánuði. Þá hefurðu sparnaðinn til ráðstöfunar (20 þús.) og lánið, eða samtals kr. 50.277 með vöxtum. Afborgunin er síðan aðeins kr. 5.493 í 6 mánuði.

NÝJA SL-FERÐAVELTAN: FJÖLBREYTTIR LÁNAMÖGULEIKAR

	Sparnaðartímabil	Mánaðarl. sparnaður	Sparnaður í lok tímabils	Lán	Ráðstöfunarté með vöxtum	Mánaðarl. endurgreiðslur	Endurgreiðslutími
Lánshlutfall 150%	3 mánuðir	3.000,00	9.000,00	13.500,00	22.379,00	2.938,00	5 mánuðir
		5.000,00	15.000,00	22.500,00	37.442,00	4.883,70	
		8.000,00	24.000,00	36.000,00	60.044,00	7.802,30	
	4 mánuðir	3.000,00	12.000,00	18.000,00	30.053,00	3.304,00	6 mánuðir
		5.000,00	20.000,00	30.000,00	50.227,00	5.493,70	
		8.000,00	32.000,00	48.000,00	80.488,00	8.778,20	
Lánshlutfall 175%	5 mánuðir	3.000,00	15.000,00	22.500,00	37.779,50	3.583,60	7 mánuðir
		5.000,00	25.000,00	37.500,00	63.109,50	5.959,70	
		8.000,00	40.000,00	60.000,00	101.112,00	9.523,90	
	6 mánuðir	3.000,00	18.000,00	27.000,00	45.588,50	3.809,50	8 mánuðir
		5.000,00	30.000,00	45.000,00	76.119,50	6.336,20	
		8.000,00	48.000,00	72.000,00	121.916,00	10.126,20	
	7 mánuðir	3.000,00	21.000,00	36.750,00	58.583,00	4.663,10	9 mánuðir
		5.000,00	35.000,00	61.250,00	97.772,00	7.758,80	
	8 mánuðir	3.000,00	24.000,00	42.000,00	67.256,00	4.856,10	10 mánuðir
		5.000,00	40.000,00	70.000,00	112.232,00	8.080,40	
		8.000,00	64.000,00	112.000,00	179.696,00	12.917,00	

Allar nánari upplýsingar veitir sölufólk Samvinnuferða-Landsýnar.

Samvinnuferðir - Landsýn

AUSTURSTRÆTI 12 – SÍMAR 27077 & 28899

SÖLUSKRIFSTOFA AKUREYRI: SKIPAGÖTU 18 – SÍMAR 21400 & 23727

